


## SAMKOMULAG

Framkvæmdasvið Reykjavíkur, Menntasvið Reykjavíkur og Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna nýbygginga, viðhalds á húsbúnaði, tækjabúnaði íþróttamannvirkja/ félagsmiðstöðva og frístundaheimila í grunnskólum Reykjavíkur.


1. Fulltrúar Menntasviðs og ÍTR verði boðaðir vegna forsagna- og hönnunarvinnu nýrra mannvirkja eða vegna endurbyggingar frístundamannvirkja í skólum. Tekið verði tillit til rýmisþarfa ÍTR þegar fjallað er um húsnæði sem snýr að starfsemi ÍTR, þegar verið er að hanna íþróttamannvirki/ félagsmiðstöð eða frístundaheimili í nýjum skólum. Ef um samkeppni er að ræða, skal ÍTR eiga fulltrúa í ráðgjafahóp sem starfar með dómnefnd.
2. Stofnkostnaður vegna byggingar á íþróttamannvirki/félagsmiðstöð eða frístundaheimili, við skóla er á framkvæmdalið Framkvæmdasviðs. Húsnæðisstærðir og búnaðarlistar vegna aðstöðu í skólum eru fyrirbyggjandi sbr. meðf. rýmis- og búnaðarlista. Fulltrúar ÍTR annast gerð listanna í samráði við Framkvæmdasvið og Menntasvið. Sama fyrirkomulag á við varðandi íþróttamannvirki, sem notuð eru af íþróttafélögum og almenningi utan skólatíma.
3. Stofnkostnaður vegna lausafjármuna í íþróttamannvirki /félagsmiðstöð eða frístundaheimili, verður greiddur af nýbyggingalið á Framkvæmdasviði í samræmi við viðmiðunarlista sem samþykktur hefur verið af öllum aðilum. Umsjón með innkaupum verður á vegum ÍTR í samráði við Framkvæmdasvið og Menntasvið.
4. Viðhald og endurnýjun á húsbúnaði, borðum, sófum, stólum verður greiddur af Menntasviði. Viðhald og endurnýjun á leiktækjum, tækjabúnaði í hljóðbúr og samkomusal verði greiddur af ÍTR. Undantekning eru þeir skólar þar sem ÍTR er ekki með félagsmiðstöð í samvinnu við skólana.
5. Menntasvið leigir húsnæði og búnað fyrir félagsmiðstöðvar sem eru reknar í húsnæði grunnskóla af Framkvæmdasviði og endurleigir síðan til ÍTR, sbr. sérstakan samning.
6. ÍTR greiði húsaleigu til viðkomandi skóla fyrir húsnæði félagsmiðstöðva í skólum í samræmi við stærð húsnæðis og notkun, sbr. sérstakan samning við hvern skóla.




7. ÍTR leigi af Menntasviði íþróttamannvirki vegna notkunar á íþróttaaðstöðu og framleigir síðan til ÍBR og íþróttafélaga. (sbr. samkomulag við Menntasvið)
8. Varðandi önnur samskipti stofnananna er bent á samninga sem fylgja samkomulagi stofnananna.

Reykjavík, 17. maí 2006.

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkur



F.h. Menntasviðs Reykjavíkur



F.h. Íþróttá- og tómsfundasviðs Reykjavíkur

